

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 2013 í máli nr. E-3782/2012:

Frjálsi hf.

(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)

gegn

Þórarni Arnari Sævarssyni

(Steinn S. Finnbogason hdl.)

I.

Kröfur aðila

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 7. maí sl., er höfðað 15. nóvember 2012 af Frjálsa hf., Lágmúla 6, Reykjavík á hendur Þórarni Arnari Sævarssyni, Rafstöðvarvegi 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Dómkröfur stefnanda eru þær að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað og málskostnaður látinn bíða efnisdóms.

Dómkröfur stefnanda í efnishlið málsins eru þær að stefnda verði gert að greiða 92.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. ágúst 2005 til upphafsdags dráttarvaxta. Krafist er dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 aðallega frá 5. nóvember 2008 til greiðsludags. Til vara er krafist dráttarvaxta frá síðara tímamarki, allt að frádreginni innborgun, dags. 14. mars 2008, að fjárhæð 2.456.886 krónur.

Dómkröfur stefnda í efnishlið málsins eru þær að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er krafist sýknu að svo stöddu. Til þrautaþrautavara er krafist verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Þann 7. maí sl., fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda í samræmi við 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Málsatvik

Mál þetta varðar innheimtu skuldar samkvæmt lánsamningi, dags. 1. júlí 2005 í erlendum myntum á milli Skjólvangs ehf. og Frjálsa fjárfestingarbankans hf., kt. 691282-0829. Aðalskuldari lánsins var upphaflega Skjólvangur ehf., en síðar Brautarholt 20 ehf., samkvæmt skilmálabreytingu, dags. 24. júní 2008. Til tryggingar á skuld lántaka, skyldi lántaki leggja fram tryggingarbréf, að fjárhæð CHF 1.200.000, - auk JPY 103.000.00,- tryggt með 1. veðrétti í 5 hektara landspildu úr Smárahvammi, landnúmer 119815, samhliða veðtryggingarbréfi frá SPRON, að sömu höfuðstólsfjárhæð og í sömu gjaldmiðlum, sbr. einnig veðbandayfirlit yfir eignina.

Samkvæmt lánsamningnum lofaði lántaki að taka að láni og Frjálsi fjárfestingabankinn hf. að lána jafnvirði 92.500.000 króna sem samsett var úr tveimur gjaldmiðlum CHF og JPY. Lánið skyldi greiðast hjá lánveitanda með einni greiðslu þann 2. ágúst 2008.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lántaka samkvæmt samningnum gekkst stefndi undir sjálfskuldarábyrgð. Skyldi sjálfskuldarábyrgðin haldast óbreytt, þó svo að veittur yrði greiðslufrestur á láninu eða láninu skilmálabreytt einu sinni eða oft, allt þar til lánið væri að fullu greitt.

Í samningi, dags. 28. nóvember 2008 á milli annars vegar Dróma ehf., sem kaupanda SPRON hf., sem fyrrum veð – og kröfuhafa, og Frjálsa fjárfestingarbankans hf., sem veðhafa í tilteknum eignum, og hins vegar þrotabús Brautarholts 20 ehf. kemur fram í 2. gr. að samkomulag aðila taki m.a. til fasteignarinnar að Smárahvammi í Garðabæ, landnúmer 119815. Samkvæmt 1. og 2. gr. samkomulagsins ráðstafaði þrotabúið til Dróma hf. tilgreindum fasteignum, sem taldar eru upp í 2. gr. samkomulagsins gegn lökkun/efndum á kröfum Dróma hf. í þrotabúið bæði nú og síðar í samræmi við fyrirbyggjandi og væntanleg mót á verðmætum eignanna.

Samkvæmt 4. gr. samkomulagsins skyldi Drómi hf. bera allan kostnað af rekstri eignarinnar og auk þess hirða arð af henni frá úrskurðardegi. Þá sagði í sömu grein að gengju fyrirhuguð samningsáform ekki eftir, skyldi fara fram uppgjör þar sem miðað yrði við að ráðstöfun fasteignanna samkvæmt samkomulaginu hefði aldrei farið fram. Drómi hf. myndi þá leggja fram uppgjör vegna móttækinnar leigugreiðslna og annarra tekna auk yfirlits um allan nauðsynlegan útlagðan kostnað vegna umráða og umsýslu með eignirnar á viðkomandi tímabili.

Þá segir í 5. gr. samningsins að skiptastjóri muni taka afstöðu til kröfulýsinga Dróma hf. og að andvirði hinna ráðstöfuðu eigna verði varið til lækkunar á fjárhæð endanlegra samþykktra veðkrafna í samræmi við stöðu tryggingarbréfa að öðru leyti.

Fram kemur í auglýsingu umboðsmanns skuldara, dags. 11. maí 2011, að þann 10. maí 2011 hafi umboðsmaður skuldara móttengið umsókn frá stefnda Þórnari Arnari Sævarssyni um greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga. Segir í tilkynningunni að frá þeim tíma hefjist tímabundin frestun greiðslna samkvæmt lögum nr. 128/2010 um breyting á lögum nr. 101/2010.

III.

Málsástæður aðila

1. Helstu málsástæður stefnanda um efnishlið málsins

Stefnandi byggir kröfur sína á áðurgreindu skuldabréfi og almennum reglum samninga- og kröfuréttar um ábyrgð manna á skuldbindingum sínum, III. kafla laga nr. 38/2001 og 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi tekur fram að stefndi hafi sótt um greiðsluaðlögun í maí til júní 2011. Samkvæmt ákvæðum II til bráðabirgða við lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, sbr. lög nr. 128/2010, hafi tímabundin frestun greiðslna samkvæmt 11. gr. laganna hafist við móttöku umsóknar stefnda. Af þessu leiði að stefnandi hafi ekki getað haldið áfram innheimtutilraunum sínum gagnvart stefnda og án tillits til þess að umsókn stefnda hafi ekki verið afgreidd af umboðsmanni skuldara. Í greindri 11. gr. komi fram að meðan á frestun greiðslna standi sé lánardrottnum óheimilt að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum. Telur stefnandi að ákvæði þessi komi ekki í veg fyrir að hann fái aðfararhæfan dóm um kröfu sína og gildi um þetta sömu reglur og við greiðslustöðvun skv. III. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, enda verði að skýra lög um greiðsluaðlögun einstaklinga til samræmis við lög um gjaldþrotaskipti. Verði ekki á þetta fallist byggir stefnandi á 70. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manns til að leita til dómstóla. Ákvæðið komi í veg fyrir að menn þurfi að þola bann við málsókn þannig að valdi réttarspjöllum. Er á því byggt að skýra verði almenn lög til samræmis við stjórnarskrá og 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Stefnandi tekur fram að gjalddagi kröfunnar sem stefnt sé út af sé nákvæmlega fjórum árum fyrir útgáfu stefnu. Verði ekki fallist á sjónarmið hans sé vakin athygli á því að stefndi hafi notið greiðsluskjóls í u.þ.b. 17 mánuði. Verði lögin ekki túlkuð á þann veg að málsóknarbann gildi ef mál tefst svo lengi, hvort sem er af völdum stefnanda sjálfs eða óviðunandi stjórnslu.

2. Helstu málsástæður stefnda um efnishlið málsins

Stefndi byggir á því að um aðildarskort sé að ræða af hálfu stefnanda. Krafa samkvæmt lánsamningi nr. 712347 sé ekki í eigu stefnanda. Er á því byggt að kröfurnar hafi verið framseldar til Hildu hf. samkvæmt umboði, dags. 7. febrúar 2012.

Þá er á því byggt að aðalskuldari, þ.e. þrotabú Brautarholts ehf., hafi þegar greitt kröfu samkvæmt greindum lánsamningi. Geti verðmæti veðréttar kröfueiganda í lægsta lagi verið 194.000.000 króna sem nægi til greiðslu stefnukröfu með vöxtum og kostnaði. Skiptastjóri hafi samþykkt sömu kröfu á hendur aðalskuldara að fjárhæð kr. 135.759.166,- og þá hefði ekki verið tekið tillit til skuldajöfnunar vegna krafna aðalskuldara á hendur stefnanda. Stefnandi hafi tekið við rekstri eignarinnar frá aðalskuldara og þannig hafi farið fram fullnaðaruppgjör á kröfu samkvæmt lánsamningnum. Sé krafa stefnanda ekki greidd samkvæmt framansögðu þá eigi stefndi rétt á því að fá tryggingarréttindi stefnanda í eignum aðalskuldara framseld til sín verði hann dæmdur til þess að greiða kröfuna.

Stefndi telur höfuðstóls- og vaxtakröfu skv. lánsamningi nr. 712347 fyrnda með vísan til laga nr. 14/1905 um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 5. gr. laganna teljist fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa stefnanda varð gjaldkræf þ.e. þann 2. ágúst 2008. Síðar hafi verið samið um frestun á þeim gjalddaga til 5. nóvember 2008.

Sé litið til 2. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, reiknist fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar reiknist fyrningarfrestur frá þeim gjalddaga sem upphaflega var ákveðinn þegar svo hátti til að kröfuhafi beiti ekki riftun eða gjaldfellingarúrræðum. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. sömu laga sé samningur um að krafa fyrnist ekki ógildur. Í þessu felist að kröfuhafa og skuldara sé óheimilt að færa upphaf fyrningarfrests stofnaðrar kröfu með samningi. Því beri að túlka 5. gr. laga nr. 14/1905 þannig að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi er krafa varð fyrst gjaldkræf. Kröfueigandi hafi fyrst getað átt rétt til efnda á þeim gjalddaga sem upphaflega hafi verið ákveðinn, þ.e. þann 2. ágúst 2008. Fyrningarfrestur stefnukröfu hafi því byrjað að líða á þeim degi og krafan því fyrnst gagnvart stefnda í síðasta lagi 2. ágúst 2012.

Þrautavarakrafa um sýknu að svo stöddu byggist á því að umsamin ábyrgð stefnda hafi verið einföld ábyrgð en ekki sjálfskuldarábyrgð. Á milli stefnanda og stefnda hafi á sínum síma verið samið um einfalda ábyrgð. Ábyrgð hans á samningnum hafi aðeins verið til þess að tryggja skuldbindingu hans við verkefnið en ekki til þess að krefja hann um greiðslu í stað aðalskuldara enda hafi verið um að ræða eign sem verðmetin hafi verið á 1,7 milljarða og krafan hafi verið tæplega 100 milljón króna lán á fyrsta veðrétti. Stöðluðum texta lánsamninga um sjálfskuldarábyrgð hafi ekki verið breytt þar sem fyrirséð var að aldrei myndi reyna á ábyrgðina vegna stöðu lánsins á veðrétti eignarinnar. Þá sé skiptum á þrotabúi aðalskuldara ólokið og því ekki ljóst hvort eða hversu háa kröfu stefnandi eigi á hendur stefnda vegna lánsamningsins.

Þrautavarakröfu um lækkun byggir stefndi á því að að stefnandi geti ekki átt rétt á vöxtum fyrir þann tíma er samið var um að vextir skyldu reiknaðir frá. Þann 24. júní 2008 hafi aðilar samið um að vextir skyldu reiknast frá 5. ágúst 2008. Stefnandi getur því ekki átt vaxtakröfu fyrr en í fyrsta lagi frá þeim tímapunkti. Auk þess sem vaxtakrafa er sé eldri en fjögurra ára frá málshöfðun sé fyrnd.

Stefndi geti ekki fallist á að honum beri að greiða vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 afturvirkrt enda hafi stefnandi tekið athugasemdalaust við greiðslu aðalskuldara á umsömdum vöxtum þann 14. mars 2008. Fullnaðarkvittun sé fyrir greiðslu vaxta og þeir verði því ekki endurmetnir og krafa um vexti endurvakin.

Þá er dráttarvaxtakröfu stefnanda mótmælt.

3. Málsástæður aðila varðandi formhlið málsins

Frávísunarkrafa stefnda byggir á því að stefnanda sé óheimilt að krefjast eða taka við greiðslu á meintum kröfum á hendur stefnda á meðan stefndi leiti greiðsluaðlögunar samkvæmt a-lið 11. gr. laga nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun einnig á því að málatilbúnaður stefnanda sé svo vanreifaður að það hafi veruleg áhrif á möguleika hans til varna. Þannig sé í stefnu ekki gerð grein fyrir fyrirvarsmönnum stefnanda, stöðu þeirra og heimili. Stefna sé að þessu leyti í andstöðu við a-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Þá er á því byggt að í fjárkröfu sé ekki tilgreint hverjum eigi að greiða þá fjárhæð sem krafist er greiðslu á og verði dómur af þeim sökum ekki felldur á fjárkröfur stefnanda. Sé stefnan að þessu leyti í andstöðu við d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Taka beri fram hverjum beri að greiða kröfurnar, enda sé því hvergi haldið fram að stefnandi eigi þær kröfur sem hann krefji stefnda um greiðslu á. Þá liggja fyrir að stefnandi hafi framselt kröfusafn sitt í heild eða að hluta til Hildu hf., eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands. Að lokum hafi stefnandi enga grein gert fyrir greiðslum aðalskuldara, Brautarholts 20 ehf., upp í stefnukröfu, en kröfu stefnanda hafi verið lýst í þrotabú aðalskuldara og verið samþykkt sem veðkrafa.

Með samningi, dags. 28. nóvember 2011, við skiptastjóra aðalskuldara hafi stefnandi samþykkt að taka við eign þrotabús aðalskuldara sem greiðslu á því láni sem hann nú krefur stefnda um. Stefndi telur að skortur á upplýsingum í stefnu um samskipti við þrotabú aðalskuldara og greiðslu þess í heild eða hluta á þeirri kröfu sem stefndi er krafinn um greiðslu á, feli í sér vanreifun á atvikum sem þurfi að greina til þess að dómara og stefnda verði ljóst samhengi málsástæðna. Stefnan sé að þessu leyti í andstöðu við e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda megi stefnda ekki vera ljóst af stefnu hver réttarstaða hans er að teknu tilliti til samnings, dags. 28. nóvember 2011, og atvika sem stefnandi getur upplýst um en geri ekki. Umræddur samningur og eignir aðalskuldara skipti verulegu máli í heildarskýringu á málavöxtum og réttmæti krafna stefnanda á hendur stefnda. Málið sé af þeim sökum vanreifað og óskýrt í stefnu þar sem þessa hafi ekki verið getið.

Að lokum hafi stefnandi ekki lagt fram skilmálabreytingu, dags. 16. október 2006, sem gerður var við lánsamning nr. 712347. Stefndi hafi ekki afrit viðaukans og geti því ekki metið hvaða áhrif ákvæði hans hafi á réttarstöðu hans. Þetta sé í andstöðu við g-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Í munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda var m.a. á því byggt af hálfu stefnanda að ljóst væri hverjum stefnda bæri að greiða dómkröfuna. Að því er varðaði skilmálabreytingu, dags. 16. október 2006, þá upphefðu yngri samningar þá eldri, auk þess sem stefndi hefði endurrit af skilmálabreytingunni. Stefnandi hafi tekið fram að aðalatriði málsins væri að stefndu hefðu sótt um greiðsluskjól hjá umboðsmanni skuldara. Sú umsókn hefði ekki verið samþykkt, auk sem hann teldi hæpið að stefndu ættu rétt á greiðsluaðlögun. Þó að skuldarar fengju greiðsluaðlögun væru kröfuhafar ekki sviptir eignum sínum með því að leyfa kröfum þeirra að fymast. Lögaðilar hafi stjórnarskrárvarinn rétt til aðgangs að dómstólunum og til að gæta hagsmuna sinna. Kjarni málsins væri hvort stjórnarskrá leyfði að fjármálafyrirtæki gætu ekki gengið að eignum sínum.

IV.

Niðurstaða

Samkvæmt stefnu til héraðsdóms Reykjavíkur er málið höfðað af Frjálsa hf., kt. 691282-0829, til heimtu skuldar samkvæmt lánsamningi nr. 712347 milli Skjólvangs ehf. sem lánatakanda og Frjálsa fjárfestingarbankans hf. sem lánveitanda, kt. 691282-0829. Af gögnum málsins er ljóst að stefndi bar sjálfskuldaþyrgð á umræddum lánsamningi.

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins skilmálabreyting lánssamningsins, dags. 16. október 2006, auk þess sem ekki er nægjanlega skýrt í stefnu með hvaða hætti Frjálsi hf. tengist Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

Þá skortir verulega á að í stefnu hafi verið gerð grein fyrir atvikum málsins. Stefnandi hefur þannig enga grein gert fyrir því hvort eða með hverjum hætti samningur á milli stefnanda o.fl. og aðalskuldara þrotabús Brautarholts ehf. frá 28. nóvember 2011 kunni að hafa áhrif á fjárhæð stefnukrafna. Samkvæmt samningnum virðist sem skiptastjóri þrotabúsins og stefnandi hafi samþykkt að þriðji aðili, Drómi ehf., tæki við fasteign þrotabús Brautarholts 20 ehf. að Smárahvammi í Garðabæ, með tilteknum skilmálum. Því er haldið fram að fasteignin hafi að einhverju leyti gengið til greiðslu krafna stefnanda. Ekkert liggur á hinn bóginn fyrir í gögnum málsins hvernig þessum greiðslum aðalskuldara, þrotabús Brautarholts ehf., var háttað eða hvort þær gengu yfirleitt upp í stefnukröfurnar. Í munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu kom ekki fram skýring á þessu atriði.

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að greina í stefnu svo glögg sem verða má málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst. Meðal þeirra atriða sem þarf að lýsa er aðild máls ef aðilaskipti hafa orðið að kröfu og glögg lýsing málavaxta. Stefna í máli þessu uppfyllir ekki þessar kröfur. Þar sem ekki hefur verið úr þessu bætt með viðhlítandi hætti undir rekstri málsins eru svo verulegir annmarkar á málalíbúnaði stefnanda að vísa ber málinu frá dómi.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 er stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfum stefnanda á hendur stefnda er vísað frá dómi. Stefnandi, Frjálsi hf., greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)